

Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups, um **44**
afhending Þingmúlakirkju í hendur söfnuðinum. **13. ágúst**

Eftir móttöku brjefs yðar, háæruverðugi herra, dags. 5. þ. m., þar sem þjer skýrið frá því, að prófasturinn í Suður-Múlaprófastsdæmi, hafi með brjefi 24. f. m. sent yður eftirrit afhendingargerðar, sem fram fór í Þingmúla 17. f. m., þar sem söfnuðurinn samþykkir að taka við kirkjunni í Þingmúla eins og hún nú er, ásamt því, er kirkjunni fylgir og fylgja ber, gegn því að greiddar verði með kirkjunni sem álag á hana þær kr. 1078,81, sem við yfirúttekt 1925 voru metnar í álag á hana að frádregnum sjóði kirkjunnar í hinum almenna kirkju-sjóði, skal yður hjermeð tjáð, að ráðuneytið samþykkir tjeða afhendingu Þingmúlakirkju í hendur söfnuðinum með 1078,81 króna álagi.

Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups, um **45**
flutning sóknarkirkjunnar að Presthólum. **20. ágúst**

Eftir ósk hlutaðeigandi sóknarnefndar og að undangengnum öðrum undirbúningi, veitir ráðuneytið hjermeð samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, dags. 5. þ. m., og með skírskotun til 4. gr. í lögum nr. 45, 16. nóvbr. 1907, um skipun prestakalla, leyfi til þess að söfnuðurinn í Presthólasókn í Norður-Þingeyjarprófastsdæmi megi flytja kirkju sína frá Presthólum að Snartarstöðum, með því skilyrði, að hið nýja kirkjuhús verði reist heima við bæ á Snartarstöðum, en eigi utan túns.

GJALDSKRÁ

fyrir

notkun rafmagns í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Verð á rafmagni til lýsingar er um straumtakmarkara fyrir árið:

Fyrir	50 watt	kr.	32.00
—	75	—	48.00

46
2. apríl

46
2. apríl

—	100	—	—	56.00
—	150	—	—	84.00
—	200	—	—	112.00
—	250	—	—	140.00
—	300	—	—	164.00
—	350	—	—	192.00
—	400	—	—	216.00
—	450	—	—	244.00
—	500	—	—	268.00

og svo kr. 24.00 fyrir hver 50 watt úr því. Leiga eftir takmarkara er innifalin í þessu verði.

Um mæli er verðið þannig:

- Til lýsingar 70 aurar fyrir hverja kilowattstund.
- Til vjela við iðnrekstur 40 aurar fyrir hverja kilowattstund.
- Til fiskþurkunar 25 aurar fyrir hverja kilowattstund.
- Til suðu og hitunar 8 aurar fyrir hverja kilowattstund.

Ofanskráð gjöld er bæjarstjórninni heimilt að hækka eða lækka um alt að 25%, bæði í einstökum tilfellum og alment.

Gjald fyrir götuljós og ljós til húseigna og bryggju bæjarins ákveður bæjarstjórnin sjálf.

2. gr.

Leiga eftir mæli er kr. 10.00 á ári. sje mælir eða straumtakmarkari ekki til í svip handa einhverjum straumnotanda, ákveður rafveitunefnd gjaldið með tilliti til straummagns þess, sem notað er, þar til úr því verður bætt.

3. gr.

Gjaldið greiðist ársfjórðungslega eftir á. Þar sem straumtakmarkari er notaður, greiðist $\frac{1}{4}$ hluti í hvert skifti. Hafi gjaldandi árangurslaust verið krafinn og ekki greitt gjaldið 15 dögum eftir gjalddaga, er rafveitunni heimilt að slíta sambandi við hann, eftir skriflega tilkynningu til hans.

Taka má gjaldið lögtaki. Gjaldið greiðist til þess manns, er bæjarstjórnin felur innheimtuna. Húsráðandi eða straumnotandi sá, er hefir takmarkara eða mæli fyrir sig, greiðir gjaldið.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar hefir samið og samþykkt, staðfestist hjermeð samkvæmt vatnalögum nr. 15,

20. júní 1923 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. 46
2. apríl

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. apríl 1927.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGJÖRÐ

um

47
22. apríl

breyting á reglugjörð um eyðing refa í Mýrasýslu frá 2. júní 1921.

Á eftir orðunum í 10. gr. „og söluhæfir eru“ bætist: Sama gjald greiði hann og fyrir hvern ref, er hann selur lifandi.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Mýrarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 48, 28. nóv. 1919, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. maí þ. á.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. apríl 1927.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.